# Þórður Ó. Jónsson (Toldvagtmester) o.fl

Bjarni Benediktsson – Þórður Ó. Jónsson (Toldvagtmester) o.fl

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-7, Örk 3

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Afs. G. Jónsson Nordre Frihavnsgade 31 I
København Ø

Herra borgarstjóri

Bjarni Benediktsson

Reykjavík

Ísland

Privat

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nordre Frihavnsgade 31 I 19/8. 45

Háttvirti herra borgarstjóri!

Fyrirgefið að jeg geri yður ónæði einusinni enn útaf þessu erfðamáli minu. Svo er mál með vexti að í Marzmánuði árið 1940 var magister Kristinn Andrésson hjer á ferð, heimsókti mig og ræddi um þetta mál við mig, og sagði að þjer hefðuð fengið einhvern málafærslumann (hvað hann hjet man jeg ekki) til þess að taka sig af þessu máli fyrir mig, og hefði hann talað um að taka lán útá eignina svo jeg gæti fengið minn föðurarf útborgaðann, síðan heyrði jeg ekki meir um það fyr en um haustið eða veturinn sama ár, þá kom stúdent að heimann með þau skilaboð frá Kristni Andréssyni, að það væri búið að útborga nokkur þúsund krónur af arfinum, (upphæðina man jeg ekki) og þá seinna um veturinn fjekk jeg sent skeyti til yðar í gegnum ísl. sendiráðið og bað um að senda mjer 1000 danskar krónur og það fjekk jeg, síðann hefi jeg ekkert af þessu máli heyrt.

Nú er Kristinn Andrésson aftur hjer á ferð og fræddi hann mig á því, að öll eignin hefði verið seld, og að minn partur af arfinum lægi hjá lögmanni, og að því hefði verið haldið mjög ákveðið fram af bæði málafærslumanni og lögmanni að það væri eftir ósk minni,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og varð jeg mjög undrandi yfir þessari fregn, þar eð jeg var búinn að láta þinglýsa ákvörðun um það, að það matti hvorki taka lán útá, eða selja eignina án minnar samþiktar, svo jeg hjelt í það minnsta að það þyrfti að senda fyrirspurn til min um hvort jeg hefði nokkuð á móti því, áður en það væri gert, og það var hægt að koma því við, í gegnum sendiráðið á því tímabili, en það er kanski af því jeg ekki er lögfróður maður, að jeg ekki skil það, og ekki skil hvaða þíðingu þinglýsingin hefur haft.

Svo í vetur 18. janúar sendi jeg brjef til yðar í gegnum sendiráðið, með fyrirspurn um hvort stjúpa min Sigríður Þórðardóttir væri lifandi, þar eð jeg hafði sjeð lát konu með sama nafni í ísl. blöðum, brjefið var skrifað á dönsku og endaði á þá leið, Naar der foreligger disponible Penge i Boet tilhörende Þórður Jónsson önskes overfört Belöb hertil, hvorhos Oplysninger om Boets Status udbedes. Uppá þetta brjef jeg ekki fengið annað svar en það að Sigríður Þórðardóttir væri lifandi.

Nú ætla jeg að biðja yður um að biðja þennann málafærslumann sem þjer hafið fengið fyrir mig, um að senda mjer öll skilríki gagnvart þessu erfðamáli straks og helst gegnum stjórnarráðspóstinn ef hægt er að koma því við, því þá sleppur maður við censurinn.

Af okkur hjer heima er allt gott að frjetta, og höfum sloppið þolanlega útúr ófriðnum. Með kærri kveðju frá mjer og konu minni.

Yðar með virðingu

Þórður Ó. Jónsson

fyrirgefa mjer frágangum á þessu klóri. Jeg hefi hvergi minnst á það, en auðvitað er það ekki meiningin að þjer takið þetta mál að yður gratis.

Að endingu kær kveðja frá Steinunni og Halldóri og kveð jeg yður með mestu virtum

[illegible] Jónsson.
Toldvagtmester
(ekki Overvagtmester)

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þórður Jónsson

Greiðslu-
merki

hefir í dag greitt erfðafjárskatt í
db. Jóns Guðmundssonar

Krónur eitt hundrað og áttatíu 99/100 —

sem hér með kvittast fyrir.

Rvík. 15. okt. 1940

Kr. 180.99

Hulda
Jaruadóttir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í ríkissjóð hefir Bjarni Benediktsson, borgarstjóri

goldið

andv. d. kr. 1000,- sem sendiráðið í Kaupmannahöfn hefir verið beðið að greiða Þórði Jónssyni, tollþjóni, Kbh. (á gengi 125/78) + smákostnaði kr. 10.-

kr. tólfhundruðsextíusjö 80/100 ———

og veitist hér með viðurkenning fyrir téðri upphæð.

Reykjavík, 25. apríl 1941

~~Ríkisféhirðir~~ F.h.r. ~~Ríkisbókari~~

e.u.

[signature]

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Kr. 1267,80

K. b. t.

10403000

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þórður Jónsson

Arfshlutur ................ kr. 7.723.96
Erfðafjárskattur kr. 180.99
Þóknun til lögfr. - 400.00 580.99

Lagt í sparisjóðsbók 7142.97

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nordre Frihavnsgade 31. 20/10 39

Háttvirti herra prófessor Bjarni Benediktsson
Innilegt þakklæti fyrir brjefið og allar útrjett-
ingarnar, þjer getið trúað, að jeg varð sem
danskurinn segir (lidt lang i Ansigtet) þegar að jeg
sá afskriftina af erfðaskránni, eftir því sem mjer
skilst er það meiningin að krakkarnir eigi að erfa
helminginn af því sem er í búinu þegar það fyrra
deyr, og það eigi þau að fá áskort þegar að það
seinna fellur frá, en hinn helminginn megi
nota eftir vild. Annars ætla jeg ekki að diskutera
það hjer, því það sjáið þjer miklu betur en jeg.

Jeg er yður mjög þakklátur ef þjer viljið
vera svo góður og taka málið að yður fyrir
mína hönd, og vil jeg að þjer heimtið öll þau
rjettindi sem mjer geta borið í þessu máli sam-
kvæmt lögum. Til nánari skýringar vil jeg aðeins
minnast á, að jeg a sonur fyrri konu pabba sem Þóra hjet
Þórðardóttir* og var systir seinni konu hans Sigríðar, og
jeg var í föður húsum til 18 ára aldurs að jeg fór í
siglingar og alt mitt kaup sem jeg innvann mjer
rann í heimilið alt til þess tíma að jeg gifti mig
því jeg heyrði aldrei annað en barlóm og fátækt og
hjálpaði pabba á þann hátt að hann fjekk kaupið mitt

* móðir mín dó þrem vikum eftir að jeg fæddist

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til að borga af húsinu með.

Af fósturbörnum þeirra hjóna pabba og systir sem jeg kalla stjúpu mína, er það að segja að Þóra kona Kristins Andrés-sonar er sú elsta, hana hefi jeg hvorki heyrt eða sjeð síðan 1917 að hún var hjer í Höfn og bjó hjá mjer í mánaðartíma án þess talað væri um nokkurt endurgjald frá hvorugum aðila, en einn góðann veðurdag var hún stungin af og sendi Bybud eftir dótinu sínu, síðan hefi jeg hvorki sjeð hana eða heyrt, og held jeg að henni sje frekar lítið um mig vegna sinnar eigin framkomu. Svo er Sigurður Einar Ingimundarson sem nú býr Hringbraut 180 hann hefur búið í húsinu hjá gömlu hjónunum til skamms tíma með alla sína fjölskyldu og þekki jeg hann ekki aðöðru en öllu góðu, og er það sonur hans þessi drengur Jón Sigurðsson sem er settur sem erfingi á móti mjer.

Svo kemur þessi heiðurs legáti Sigfús Jónasson til sögunnar, hann er fyrst tilkominn eftir að jeg fór að heiman, og er hann systursonur Þóru konu Kristins Andr. og hef jeg það (pr. Fölersen) að það sje sú þrieining Sigfús Þóra og Kristinn sem myndi nokkurskonar komplot á móti mjer, það er Kristinn sem hefur látið búa til erfðaskrána og Sigfús getur vafið stjúpu minni um fingur sjer, og er það dóttir hans stelpan sem sett er á erfðaskrána á móti mjer, og það er Þóra sem skrifar brjefin fyrir stjúpu mína, þar sem jeg fæ hvorki heilt eða hálft að vita. Svo veit jeg að Sigfús býr nú í húsinu hjá gömlu

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

konunni og ruplar og [?] ~~hann~~ andv. öllu því sem hægt er t.d. frjetti jeg í vor að hann hefði tekið öll smíðatól pabba sem var víst talvert og eins grjótið úr [?]staðinn og selt það, svo geng jeg út frá því gefnu að hann borgi enga húsaleigu, og ætti maður eginlega að krefja Kristinn reikningsskila á því.

Nú fer jeg að slá botninn í þetta brjef og sem sagt bið yður taka málstað minn í fyllsta máta helst ef hægt væri að gjöra erfðaskrána ógilda, sem jeg þó ekki býst við að hægt sje, en jeg þekki ekki lögin, svo sendi jeg yður hjermeð tvö brjef annað til mín frá Sigurði fóstbróðir mínum, sem svar uppá brjef sem jeg skrifaði honum og bað hann láta mig vita hve mikið Sigfús væri búinn að stela frá gömlu hjónunum og hitt er frá stjúpu minni þar sem hún tilkynnir mjer erfðarjettinn samkvæmt núgildandi lögum, það lítur helst út fyrir að lögin hafi verið þeim eitthv. til fyrirstöðu, (það er Þóra sem hefur skrifað brjefin)

Þessi brjef vil jeg gjarnan fá til baka aftur við tækifæri, og eins bið jeg yður orða fyrir mig ef þjer þurfið að fá nánari fullmagt.

Nú enda jeg hjermeð þessar línur og er spentur að vita hverju þjer svarið upp á alt þetta. Það sótti svo illa að mjer núna að jeg ligg í rúminu og hefi verið skrambi þungt haldinn í nokkra daga af nýrnasteinum, og verð því að

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur